

# Tillögur til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar Barnaskólans á Eyrabakka og Stokkseyri. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Tillögurnar sem lagðar eru fram taka mið af því vinnufyrirkomulagi sem starfsmenn barnaskólans búa við í dag og miðar að því að bæta starfsumhverfið og létta álag.

## Stuðningsfulltrúar (sér kosning)

### Tillaga #1:

**Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og felldur niður annar kaffitíminn. Styttingu yrði safnað upp og tekin út sem heill frídagur. Misjafnt hvaða vikudag starfsmenn fá í frítökuna.**

### Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof

Starfsmenn taka einn kaffitíma fyrir hádegi og leggja niður kaffitímann eftir hádegi. Heimilt verður að taka stutt neysluhlé sem verður þó á forræði vinnuveitenda.

### Dæmi:

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli.

Tekur 15 mín kaffitíma fyrir hádegi. Starfsmaðurinn safnar þá 33 mín á dag (13 mín vinnutímastyttingu + 20 mín vegna sölu á kaffitíma) uppí heilan frídag, á ca. 3 vikna fresti.

Starfsmaður í 77% starfshlutfalli.

Tekur 15 mín kaffitíma fyrir hádegi. Starfsmaðurinn safnar þá 22 mín á dag (10 mín vinnutímastyttingu + 12 mín vegna sölu á kaffitíma) uppí heilan frídag, á ca. 4 vikna fresti.

### Tillaga #2:

**Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og felldur niður annar kaffitíminn. Starfsmenn fá 13 mín styttunguna og seinni kaffitímann ofaná núverandi starfshlutfall.**

### Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof

Starfsmenn taka einn kaffitíma fyrir hádegi og leggja niður kaffitímamann eftir hádegi. Heimilt verður að taka stutt neysluhlé sem verður þó á forræði vinnuveitenda.

**Dæmi:**

Starfsmaður í 77% starfshlutfalli.

Tekur 15 mín kaffitíma fyrir hádegi. Starfsmaðurinn fær 22 mín á dag (10 mín vinnutímastyttingu + 12 mín vegna sölu á kaffitíma) ofaná starfshlutfallið sitt.

ATH starfsmenn geta ekki verið í meira en 100% starfshlutfalli. Ef starfsmenn geta ekki fengið styttinguna ofaná núverandi starfshlutfall þá safna þeir henni upp og úttakan verður í samráði við næsta yfirmann.

**Tillaga #3:**

**Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og báðir kaffitímar felldir niður. Styttingu yrði bætt ofaná starfshlutfall.**

Heimilt verður að taka stutt neysluhlé sem verður þó á forræði vinnuveitenda.

**Dæmi:**

Starfsmaður í 77% starfshlutfalli.

Tekur 15 mín kaffitíma fyrir hádegi. Starfsmaðurinn fær 22 mín á dag (10 mín vinnutímastyttingu + 12 mín vegna sölu á kaffitíma) ofaná starfshlutfallið sitt.

ATH starfsmenn geta ekki verið í meira en 100% starfshlutfalli. Ef starfsmenn geta ekki fengið styttinguna ofaná núverandi starfshlutfall þá safna þeir henni upp og úttakan verður í samráði við næsta yfirmann.

**Veikindi og orlof**

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

**Breytingar á vinnuskipulagi**

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

**Endurskoðun**

Vinnustaðurinn og vinnutímanefndin leggur mat á árangri tillögunnar að 6 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. júní 2021.

**Aðrir starfsmenn (sér kosning)**

**Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting, samtals 65 mín á viku. Starfsmenn útfæra úttöku á styttingunni í samráði við sinn næsta yfirmann og með starfsemi skólans að leiðarljósi.**

**Samkvæmt samningi er heimilt að selja kaffitíma, annað hvort að hluta til eða öllu leyti og taka upp neyslulhé sem eru á forræði vinnuveitanda.**

**Dæmi um 13 mín styttingu:**

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fer heim 65 mín fyrir einn dag í viku.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fer heim 2 klst og 10 mín fyrir einn dag, aðra hvora viku.

**Dæmi um 13 mín styttingu og sölu á seinni kaffitímanum, 15 mín:**

Starfsmaður fer 28 in fyrir heim daglega.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fer heim 2,3k klst fyrir einn dag, vikulega.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fer heim 4,6 klst fyrir einn dag, aðra hvora viku.

**Dæmi um 13 mín styttingu og sölu á báðum kaffitímum, 35 mín:**

Starfsmaður fer 48 mín fyrir heim daglega.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fer heim 4 klst fyrir einn dag í viku.

Starfsmaður í 100% starfshlutfalli safnar upp vinnutímastyttingunni og fær einn frídag, aðra hvora viku.

**Peir valmöguleikar sem hægt er að kjósa um eru eftirfarandi:**

- Innleiða 13 mín vinnutímastyttingu og útfæra í samráði við næsta yfirmann
- Innleiða 13 mín vinnutímastyttingu, selja anna kaffitímamann, 15 mín. og útfæra í samráði við næsta yfirmann
- Innleiða 13 mín vinnutímastyttingu, selja báða kaffitímama, 35 mín og útfæra í samráði við næsta yfirmann

## Veikindi og orlof

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

## Breytingar á vinnuskipulagi

Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

## Endurskoðun


Vinnustaðurinn og vinnutímanefndin leggur mat á árangri tillögunnar að 6 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. júní 2021.

## Niðurstöður kosninga

Stuðningsfulltrúar

38% svarhlutfall

Hvaða tillögu ert þú hlynnt/hlynntur?




Mean : 1.400 | Confidence Interval @ 95% : [0.616 - 2.184] | Standard Deviation : 0.894 | Standard Error : 0.400



Aðrir starfsmenn

100%

## Hvaða tillögu ert þú hlynnt/hlynntur?



Mean : 2.875 | Confidence Interval @ 95% : [2.630 - 3.120] | Standard Deviation : 0.354 | Standard Error : 0.125



### OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir  
Málsheiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg Málsmúmer: [2012144](#)